



Stefna Byggðastofnunar um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

1. 1. INNGANGUR

Peningabætti og hryðjuverk eru ógn við umhverfið sem Byggðastofnun (hér eftir stofnunin) starfar í og er stofnunin meðvitaðuð um hættuna á því að slík brot dragi úr trúverðugleika fjármálakerfisins. Það er stofnuninni kappsmál að standa vörð um áreiðanleika og trúverðugleika þar sem stofnunin starfar. Stofnunin hefur einsett sér að grípa til allra tiltækra og viðeigandi ráða til að koma í veg fyrir að hún verði notuð í því skyni að þvætta fé eða fjármagna hryðjuverk. Leggur stofnunin í þessu skyni áherslu á algera fylgni við viðeigandi lög, reglur og bestu framkvæmd sem um starfsemi stofnunarinnar gilda á hverjum tíma. Í lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (hér eftir PPL) er gerð sú krafa á stofnunina að skjalfesta stefnu sem þessa og tilgreint hvað hún skuli innihalda.

1.1. 1.1. SKILGREININGAR

Eftirfarandi skilgreiningar eru úr PPL:

Peningabætti: Þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við ávinningi, nýtir ávinning eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum; einnig þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Fjármögnun hryðjuverka: Öflun fjár, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti, í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það í heild eða að hluta til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga nr. 19/1040.

Ábyrgðarmaður: Einstaklingur úr hópi stjórnenda sem skal tryggja að tilkynningar um grunsamleg viðskipti séu sendar á skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. Hann skal hafa skilyrðislausan aðgang að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, viðskiptum eða beiðnum um viðskipti ásamt öllum þeim gögnum sem geta skipt máli vegna tilkynninga. Hann skal einnig sjá til þess að stefnur, reglur og verkferlar séu innleiddir, sem stuðli að samræmdum starfsaðferðum og góðri framkvæmd laga um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. **Forstöðumaður lögræðisviðs gegnir stöðu ábyrgðarmanns hjá Byggðastofnun.**

Tilkynningarskylda: Skyldan til að tilkynna skrifstofu fjármálagreiningu lögreglu tímanlega um grunsamleg viðskipti. Gera skal skriflegar skýrslur um öll grunsamleg og óvenjuleg viðskipti sem eiga sér stað í starfsemi stofnunarinnar. Einnig skal veita skrifstofunni allar nauðsynlegar upplýsingar sem hún óskar eftir í tengslum við tilkynningar.

Tilkynningarskyldir aðilar: Aðilar sem taldir eru upp í 1. mgr. 2. gr. PPL og stunda starfsemi er kann að verða notuð til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Á aðilunum hvílir skylda til að þekkja deili á viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra og tilkynna um það til lögbærra yfirvalda vakni grunur um eða verði þeir varir við slíka ólögmetta starfsemi.

Sýndarfé: Hvers konar stafrænt fé sem er hvorki rafeyrir í skilningi laga um útgáfu og meðferð rafeyris né gjaldmiðill.



Áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki: Ríki sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, skv. tilkynningum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og reglugerð um áhættusöm þriðju lönd.

1.2. 1.2. LAGALEGUR BAKGRUNNUR

Stefna þessi er sett á grundvelli PPL, einkum 5. gr. a.

1.3. 1.3. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Markmið stefnunnar er að tryggja að stofnunin fylgi þeim lögum og reglum sem um málaflokkinn gilda á hverjum tíma. Stefnunni er ætlað að tryggja að umgjörð um málaflokkinn sé í samræmi við viðeigandi lög, reglur, tilmæli og leiðbeiningar sem um hann gilda á hverjum tíma, ábyrgð og verkaskipting innan stofnunarinnar í tengslum við hann sé skýr og fullnægjandi eftirlit með honum sé viðhaft.

Stefna þessi er mikilvægur liður í því að tryggja skýrt og árangursríkt regluverk um málaflokkinn.

1.4. 1.4. REGLULEG ENDURSKOÐUN STEFNU

Stefna þessi er samþykkt af stjórn stofnunarinnar. Stefnan skal endurskoðuð á a.m.k. tveggja ára fresti og uppfærð þegar við á. Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á að tryggja að endurskoðun eigi sér stað.

2. 2. HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

2.1. 2.1. STJÓRN

Stjórn skal upplýst um niðurstöðu áhættumats fyrir stofnunina. Stjórn ber að tryggja að viðeigandi og fullnægjandi innri reglur, ferlar, kerfi og verklag séu til staðar til að lágmarka áhættu vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka í starfsemi stofnunarinnar. Stjórn ber ábyrgð á að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits sem samræmist ákvæðum laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og reglum settum með stoð í þeim. Stjórn skal að auki a.m.k. einu sinni á ári fara yfir skýrslu ábyrgðarmanns og fá eftir atvikum framvinduskýrslu fyrir atriði sem stofnuninni stafar hærrí áhætta af.

2.2. 2.3. FORSTJÓRI

Forstjóri skal, ásamt ábyrgðarmanni, tryggja að starfsmenn þekki stefnu þessa og skyldur sínar samkvæmt henni og starfi í samræmi við hana. Forstöðumenn sviða bera ábyrgð á að starfsmenn þeirra starfi í samræmi við PPL sem og viðeigandi ytri og innri reglur, ferla, kerfi og verklag sem stofnunin hefur sett sér, og bera ábyrgð á því að starfsfólk þeirra sækir fræðslu um málaflokkinn, eftir því sem við á.

2.3. 2.4. FORSTÖÐUMAÐUR LÖGFRÆÐISVIÐS

Forstöðumaður lögfræðisviðs stofnunarinnar er jafnframt ábyrgðarmaður, sbr. skilgreiningu í kafla 1.1 stefnu þessarar. Hann stýrir, vaktar og metur varnir stofnunarinnar vegna hlíttni við stefnu þessa og PPL. Hann hefur eftirlit með því að viðeigandi ferlar og kerfi séu til staðar til að tryggja hlíttni við stefnu þessa og ber einnig ábyrgð á eftirliti með því að stefnunni sé framfylgt. Hann framkvæmir einnig skriflegt áhættumat sem tekur mið af þeim áhættuþáttum sem tengjast viðskiptavinum, viðskiptalöndum, svæðum, vörum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum. Hann ber ábyrgð á eftirliti með því að allir starfsmenn stofnunarinnar



hljóti viðeigandi fræðslu um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi stofnunarinnar.

2.4. 2.5. INNRI ENDURSKOÐUN

Innri endurskoðun metur hlítu aðgerða stofnunarinnar og starfseininga hans við innri stefnur og verklag. Innri endurskoðun metur einnig hvort stefnur og verklag séu með fullnægjandi hætti m.t.t. krafna laga og ytri reglna.

2.5. 2.6. ALLIR STARFSMENN

Allir starfsmenn skulu þekkja og starfa í samræmi við stefnu þessa. Starfsmenn skulu rýna og vera meðvitaðir um hvar hætta á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka geti falist í störfum þeirra og beita áhættumiðaðri nálgun við framkvæmd starfa sinna sem þeir telja best til þess fallna að draga úr áhættunni og fylgja því verklagi sem innleitt hefur verið í starfseminna.

Starfsmenn skulu ávallt hafa það að markmiði að:

- takmarka áhættu vegna peningabættis eða fjármögnun hryðjuverka í starfsemi stofnunarinnar og vera meðvitaðir um ábyrgð sína m.t.t. þessa,
- áhætta vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka sé ávallt þáttur við mat og val á því hvaða starfsemi sé starfrækt innan stofnunarinnar og með hvaða hætti,
- málefni viðskiptavina séu meðhöndluð með lögmætum og sanngjörnum hætti,
- orðspor og ímynd stofnunarinnar skaðist ekki,
- takmarka það fjárhagslega tjón sem stofnunin getur orðið fyrir við brot á lögum og reglum.

Starfsmenn skulu koma ábendingum á framfæri við ábyrgðarmann telji þeir að brotið hafi verið gegn stefnu þessari.

2.6. PERSÓNUVERNDARFULLTRÚI

Persónuverndarfulltrúi hefur eftirlit með því að skýrir ferlar séu til staðar vegna öflunar og miðlunar persónuupplýsinga í tengslum við stefnu þessa.

3. 3. ÁHÆTTUVILJI

Viðskipti við aðila sem tengjast ólögmætri starfsemi, s.s. peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, með einum eða öðrum hætti, eru óheimil. Sama gildir eftir atvikum um viðskipti við aðila sem stunda eftirfarandi starfsemi eða eftirfarandi á við um:

- Happdrætti og veðmálastarfsemi sem eru ekki heimiluð skv. viðeigandi lögum.
- Fyrirtæki sem byggja starfsemi sína á framleiðslu/dreifingu á klámi.
- Vopnasala og vopnaframleiðsla þar sem sú starfsemi skapar meginhluta tekna.
- Skelbankar (banki með enga raunverulega starfsemi).
- Mansal.
- Fíkniefnasala og/eða framleiðsla.



- Námuvinnsla stafræns sýndarfjár og/eða miðlun á sýndarfé.
- Aðilar á lista yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðir.

Óheimilt er að bjóða viðskiptavinum stofnunarinnar upp á nafnlaus viðskipti og eru verklagsreglur og kerfi stofnunarinnar þannig upp sett að komið er í veg fyrir að hægt sé að eiga slík viðskipti. Þá er starfsmönnum með öllu óheimilt að taka þátt eða stuðla að viðskiptum sem ætlað er að dylja raunverulegt eignarhald lögaðila.

Greiðslur, sem grunur er um að feli í sér brot á almennum hegningarlögum eða refsivert brot á öðrum íslenskum lögum, óháð því hvort þær stafa frá starfsemi sem er lögmæt í því ríki þar sem hún er stunduð eður ei, er óheimilt að móttaka og/eða miðla.

Gæta skal sérstakrar varfærni þegar stofnað er til viðskipta eða viðskiptasambandi haldið áfram við aðila sem eru staðsettir, með ríkisfang, búsetu eða starfstöð í áhættusömu eða ósamvinnuþýði ríki. Sama á við um viðskipti við og miðlun greiðslna til eða frá áhættusömum og ósamvinnuþýðum ríkjum. Einnig skal gæta sérstakrar varfærni vegna viðskiptasambands við aðila með flókið og/eða óljóst eignarhald og/eða erlent eignarhald. Verklag skal útlistað nánar í reglum og verkferlum stofnunarinnar um varnir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Tiltekin tegund atvinnustarfsemi eða tilteknir aðilar geta verið taldir bera með sér aukna áhættu samkvæmt áhættumati og eru þá viðskipti við slíka aðila metin hverju sinni.

Viðskiptasambönd sem ekki samræmast áhættuvilja stofnunarinnar, eins og honum er hér lýst, skal slitið í samræmi við verklag þar að lútandi.